

Nærsamfélagið og nýsköpun

Margar leiðir eru færar til að fá hugmyndir, sem geta gagnast hverfinu, bænum eða borginni sem þú býrð í. Hér eru nokkrar:

Hér eru nokkrar:

Varan eða þjónustan er ekki til á þínu svæði

1. Líttu á heimasíður fyrirtækja og stofnana, út um allt land en einnig útlendar heimasíður
 - a. Eru þær að bjóða upp á þar sem ekki er til á þínu svæði?
2. Er verið að gera eitthvað á öðrum stöðum sem ekki er gert á þínu svæði?
 - a. Væri hægt að bjóða upp á þetta á þínu svæði?
Ert þú kannski með hugmynd sem engin annar/önnur er búin að koma með?

Sérstaða

1. Líttu í kringum þig, talaðu við fjölskylduna, kennara, heimafólk og aðra sem þekkja bæinn/nágrennið vel.
 - a. Er eitthvað sem er til staðar í bænum, samfélaginu eða náttúrunni í kring sem er alveg sérstakt og erfitt eða ómögulegt er að fá annars staðar?
 - i. Merkilega saga? Merkilegar náttúruminjar? Merkilega byggingar? Merkilegar vörur/vöruframleiðsla, söfn, vinnustofur listamanna osfrv.

Endurbætur

1. Líttu í kringum þig, talaðu við fólk kennara, heimafólk og aðra sem þekkja bæinn/nágrennið vel.
 - a. Er eitthvað sem er til staðar, eins og framleiðsla á einhverju eða einhver þjónusta, sem má bæta?
 - i. Er hægt að gera hana umhverfisvænni?
 - ii. Er hægt að tengja mismunandi þætti saman og bjóða þannig upp á fjölbreyttari vörur/þjónustu?

Ónýttar auðlindir

1. Líttu í kringum þig, talaðu við fjölskylduna, kennara, heimafólk og aðra sem þekkja bæinn/nágrennið vel.
 - a. Er t.d eitthvað húsnæði sem stendur tóm sem hægt væri að nýta í einhverja starfssemi?
 - b. Eru einhverjir „afgangar“ í framleiðslufyrirtækjum, sem hægt væri að nýta til að búa til eitthvað annað?
 - c. Eru hlutir í náttúrunni, sem hægt væri að nýta til að búa til hluti, sem t.d. ferðamenn gætu haft áhuga á?

Ýmsar aðrar leiðir eru færar til að fá hugmyndir og gæti t.d. væri ágætt að skoða [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og nærsamfélagið](#), sjá þar þær áskoranir og vandamál sem eru til staðar – og reyna að koma með lausnir við þeim.

Í hugmyndavinnunni er annars gullna reglan einfaldlega sú að „vera forvitinn, spyrja spurninga, láta ímyndunaraflið ráða för og hafa trú á sjálfum sér“. Þá spretta fram hinar ólíklegustu hugmyndir úr kolli hugmyndasmiðsins.